



# HRUNAMANNAREPPUR

## 87. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

### 7. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 28. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 15:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagshemili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Daði Geir Samúelsson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Ragnhildur S. Eyþórsdóttir í forföllum Herberts Haukssona. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður 3, Afmælisnefnd 1150 ára afmælis Hrunamannahrepps: Fundargerð 9. fundar frá 21. apríl 2026.

Dagskrárbreytingatillagan samþykkt samhljóða og breytist því tölusetning annarra liða til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fjárhagsleg málefni:**

#### **1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2025, seinni umræða til samþykktar - Ásamt sundurliðunarbók ársreiknings Hrunamannahrepps 2025.**

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2025 ásamt sundurliðunum, til síðari umræðu. Endurskoðandi sveitarfélagsins, Friðrik Einarsson, mætti til fundar og lagði fram endurskoðunarbréf KPMG vegna ársreiknings 2025.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða með eftirfarandi bókun og verður hann nú undirritaður:

Við lok þessa kjörtímabils er það gleðilegt að niðurstaða ársreiknings (A og B hluta) Hrunamannahrepps sé jafn góð og raun ber vitni. Er sú staðreynd góður vitnisburður um að rekstur sveitarfélagsins er í góðu jafnvægi og að sá kraftur og jákvæðni sem ríkt hefur í sveitarfélaginu á undanförunum árum er skila sér í betri rekstri en einnig og ekki síður enn betri þjónustu við íbúa. Sú staðreynd styrkir samfélagið að íbúum hefur fjölgað verulega á kjörtímabilinu og grettistaki hefur verið lyft í byggingu húsnæðis, hvort sem litið er til dreifbýlis og/eða þéttbýlisins á Flúðum. Með eflingu innviða og öflugum fyrirtækjum leggjum við grunn að góðum rekstri sveitarfélagsins. En þegar horft er til rekstrar sveitarfélagsins má ekki gleyma hlutverki starfsmanna sem lagt hafa sitt af mörkum til sveitarfélagsins og þannig tryggt að þjónusta sé eins góð og raun ber vitni.

#### **Ánægjuleg rekstrarniðurstaða.**

Það er ánægjulegt að rekstrarhagnaður samstæðu A og B hluta nemur 208 m.kr. sem er ein besta niðurstaða í rekstri sveitarfélagsins í áraraddir. Annað árið í röð eru ekki tekin ný langtímalán þrátt fyrir að fjárfestingar næmu 574 m.kr. og greiddar afborganir langtímalána námu 110 m.kr.

ARJ

SS

DAS

BR

RSE

Rekstrarafkoma A hluta er jákvæð um 170 m.kr. sem er 47 m.kr. betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Heildartekjur samstæðu A og B hluta námu 1.999 m.kr. en heildargjöld námu 1.589 m.kr. Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða er jákvæð um 305 m.kr. Framlegð frá rekstri (EBIDTA) er 410 m.kr. eða 20,5% af tekjum sem teljast verður harla gott.

Enn er hækkun vísitölu á milli ára meiri en verðbólguþétt Seðlabankans gerir ráð fyrir og hefur sú staða áhrif á rekstrarniðurstöðu allra sem skulda. Hér hefur verðbólga þau áhrif að verðbætur reiknast um 49,3 m.kr. á samstæðu A og B hluta sem er þó umtalsvert lægra en á árinu 2023 þegar verðbólgaþétturinn nam 65,7 m.kr. Í eðlilegu áferði hvað verðlagsþróun varðar væri afkoma sveitarfélagsins enn betri en nú er.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam um 372,6 m.kr. eða ríflega 18,6 % af heildartekjum. Handbært fé frá rekstri var 318 m.kr.

### **Fjárfestingar:**

Bókfærðar fjárfestingar á árinu 2025 námu 573,7 m.kr. Engin ný langtímalán voru tekin á árinu 2025. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 72,1 m.kr.

Það er gott að halda því til haga að sveitarfélagið hefur undanfarið fjárfest ríkulega í innviðum en heildarfjárfesting líðandi kjörtímabils nemur um 1.800 m.kr.

### **Helstu fjárfestingar ársins 2025 fólust í eftirfarandi:**

- Gatnagerð og tilheyrandi veituframkvæmdir við Röðulstanga 77,6 m.kr.
- Endurnýjun á félagsheimilinu (menningarmiðstöð og ráðhús) 71,3 mkr.
- Innrétting Hrunamannavegar 3, þrjú rými 212, 5 m.kr.
- Endurbætur á leikskóla og grunnskóla 27 m.kr.
- Endurbætur á íþróttamannvirkjum 16 m.kr.
- Framkvæmdir á móttökustöð Flatholti 32,6 m.kr.
- Nýr skáli í Svínárnesi 41 m.kr.
- Framkvæmdir á vegum Hitaveitu Flúða 44 m.kr.
- Framkvæmdir á vegum vatnsveitu 12 m.kr.
- Framkvæmdir á vegum fráveitu 21,6 m.kr.
- Aðrar fjárfestingar voru smærri í sniðum

Afborganir langtímalána námu 110,3 m.kr. og tekin ný langtímalán á vegum Hrunamannahrepps voru engin eins og áður sagði. Í árslok er skuldaviðmið sveitarfélagsins, A og B hluta, 70% sem er langt undir skuldaviðmiði því sem sveitarfélögum ber að fara eftir. Skuldaviðmið A-hlutans er 45%.

### **Batnandi afkoma B-hluta fyrirtækja**

Rétt er að geta hér einnig niðurstöðu B- hluta fyrirtækja sem öll sýna nú betri rekstrarafkomu en áður. Jákvæð rekstrarniðurstaða Hitaveitu Flúða sem nemur 19,6 m.kr er ánægjuleg sem og að viðsnúningur er að verða í rekstri Hrunaljóss en tap þess fyrirtækis minnkar nú ár frá ári og nemur nú eingöngu 1 m.kr. Vatnsveitan skilar einnig umtalsvert betri afkomu en áður sem er ánægjulegt. Virðist vera ljóst að fjölgun íbúa og húsnæðis er að skila sveitarfélaginu meiri tekjum en áður og styrkir það rekstrargrundvöll sveitarfélagsins til hagsbóta fyrir alla.

Í ljósi niðurstaðna ársreiknings ársins 2025 er full ástæða til bjartsýni þegar horft er til framtíðar. Þó er ljóst að ytri aðstæður geta breyst hratt og blikur eru á lofti hvað húsnæðismarkaðinn varðar sem í augnablikinu er mikið áhyggjuefni. Ef versta sviðsmyndin hvað húsnæðismarkaðinn raungerist þá mun það hafa áhrif hér eins og annars staðar á landinu.

En það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með kröftugri uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem og annars húsnæðis hér í sveitarfélaginu og lóðir fyrir rað-, par- og fjölbýlishús

ARJ

DAS

Pa

RSE

hafa runnið út. Aðilar í atvinnurekstri horfa til Hrunamannahrepps sem álitlegs kosts hvað uppbyggingu varðar enda eru innviðir hér sterkir á mörgum sviðum og munu þeir eflast frekar en hitt á næstunni.

Sveitarstjórn vill nýta þetta tækifæri og færa stjórnendum og starfsmönnum öllum bestu þakkir fyrir framlag þeirra til ábyrgs rekstrar og góðrar þjónustu við íbúa. Sveitarstjórn vill einnig þakka endurskoðendum og skrifstofustjóra fyrir góða vinnu við gerð ársreiknings. Nú þegar hallar að lokum þessa kjörtímabils er rétt að þakka af heilum hug traust og ánægjulegt samstarf sveitarstjórnarmanna. Slíkt samstarf er dýrmætt fyrir íbúa alla.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**2. Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 9. fundar frá 24. mars 2026.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar afmælisnefndar 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**3. Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 10. fundar frá 21. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 10. fundar afmælisnefndar 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps.

*Varðandi lið 2, tillaga um gerð útskorins Þórshamars sem staðsettur yrði í Lækjargarðinum þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Guðjóni Kristinssyni, útskurðarmeistara, verði falið gerð verksins sem yrði þá afhjúpað, vonandi af forseta Íslands í hátíðardagskránni laugardaginn 13. júní n.k.. Kostnaður mun nema nálægt 5 m.kr. með uppsetningu og rúmast hann innan fjárhagsáætlunar.*

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**4. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 26. fundar frá 20. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 26. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar skilmerkileg skil á gögnum og stöðu mála við lok kjörtímabils.*

**5. Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Fundargerð 9. fundar ráðsins frá 20. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**6. Veitu- og framkvæmdanefnd Hrunamannahrepps. Fundargerð 25. fundar frá 22. Apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 25. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps.

*Varðandi tillögu um yfirbyggingu yfir sundlaugarkerið á framkvæmdatíma í vor þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða tillögu nefndarinnar.*

*Varðandi tillögu um þarfagreiningu og frumhönnun viðbyggingar við Leikskólann Undraland þá samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar.*

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

ARTJ DAS  
RSE ~~SB~~ BZ

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**7. Oddvitanefnd uppsveita Árnassýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026). Fundargerð 13. fundar frá 17. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 13. fundar Oddvitanefndar uppsveita Árnassýslu.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lénið [www.laugaras.is](http://www.laugaras.is) verði fært til Bláskógabyggðar.*

*Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**8. Samband sunnlenskra sveitarfélaga. Fundargerð 634. fundar frá 6. mars 2026.**

Lögð fram fundargerð 634. fundar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**9. Samband sunnlenskra sveitarfélaga. Fundargerð 635. fundar frá 10. apríl 2026.**

Lögð fram fundargerð 635. fundar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**10. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 595. mál - Loftslagslög. Frestur til að senda inn umsögn er til og með 8. maí nk.**

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um 595. mál – Loftslagslög.

*Lagt fram til kynningar.*

**11. Bréf frá Umboðsmanni barna frá 13. apríl 2026.**

Lagt fram bréf frá Umboðsmanni barna þar sem meðal annars er lagt til að framboð til sveitarstjórnarkosninga komi á umræðufundi með nemendum grunnskóla en slíkir fundir myndu gefa börnunum tækifæri til þess að kynna sér þau málefni sem framboðin standa fyrir og spyrja spurninga um það sem skiptir þau máli. Með því er hægt að efla þátttöku barna í lýðræðislegri umræðu innan sveitarfélagsins.

Jafnframt hvetur Umboðsmaður barna sveitarstjórnir og ungmennaráð sveitarfélaga til þess að standa fyrir krakkakosningum í sínu sveitarfélagi í samstarfi við nemendaráð og grunnskóla sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og leggur áherslu á mikilvægi þátttöku barna og ungmenna í lýðræðislegu ferli.*

**12. Erindi frá Öruggara Suðurlandi frá apríl 2026.**

Lögð fram beiðni Öruggara Suðurlands. Um er að ræða vinnugögn og því lokað mál sbr. 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og teljast undanþegin upplýsingarétti sbr. 5. tl. 6. gr. sömu laga.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma á framfæri umsögn í samræmi við umræður á fundinum.*

**13. Erindi frá undirbúningsnefnd ársþings Lions 2026 frá 15. apríl 2026.**

Í bréfinu er lögð fram beiðni um styrk vegna ársþings Lionshreyfingarinnar 2026 sem halda á í uppsveitum Árnassýslu.

*Sveitarstjórn sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.*

DAS  
AET RSE  
SB

**14. Drög að forvarnarstefnu Hrunamannahrepps.**

Lögð fram drög að forvarnarstefnu Hrunamannahrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða forvarnarstefnu sem kynnt er af nefndinni og fengið hefur samþykki hagaðila. Sveitarstjóra falið að vinna stefnuna til útgáfu.*

**Mál til kynningar:**

**15. Ársreikningur Hrunaljóss 2025.**

Lagður fram til kynningar.

**16. Ársreikningur Hitaveitu Flúða og nágrennis 2025.**

Lagður fram til kynningar.

**17. Ársreikningur Brákar íbúðarfélags 2026.**

Lagður fram til kynningar.

**18. Bréf um opinber innkaup sveitarfélaga frá Samkeppniseftirlitinu dags 26. mars 2026.**

Lagður fram til kynningar.

**19. Aðalfundarboð Landskerfis bókasafna hf. sem haldinn verður 12. maí 2026.**

Ásamt ársreikningi Landskerfi bókasafna hf. 2026 og samþykktir fyrir Landskerfi bókasafna hf. 2026

Lagt fram aðalfundarboð ásamt fylgigögnum.

*Sveitarstjórn samþykkir að forstöðumaður bókasafnsins sæki fundinn fyrir hönd Hrunamannahrepps.*

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:34*

*Dáði Geir Samúelsson*

*Alexandra Póss Jóhannesdóttir*

*Ragnhildur Stefania Eyjórsdóttir*

*Bjarney Vigvíseldóttir*

*[Handwritten signature]*

*Alvís Halpern*